

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík, 12. apríl 2024
UST202403-424/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Íbúðarsvæði Í1 - Kópasker - Norðurþing

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Norðurþings er barst 27. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæði Í1 á Kópaskeri í Norðurþingi.

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að markmið Norðurþings er að skipuleggja lóðir undir allt að 14-16 einbýlis- og eða parhús á svæðinu norðan Duggugerðis þ.e. við Ekrugötu, Drafnargötu, Bakkagötu og Klifagötu. Stærð skipulagssvæðis er 4,4 ha.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé ítarlegar um fráveitumál í greinargerð deiliskipulagsins. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála sé í sveitarfélaginu, þar sem komi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert sé ástand viðtakans.

Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er.

Gera þarf ítarlegar grein fyrir fráveitumannvirkjum í skipulagsáætlunum sveitarfélagsins og þeim umbótum sem nauðsynlegar eru. Sérstaklega í ört stækkandi þéttbýli þar sem veiturnar þurfa að fylgja eftir auknum fjölda íbúa.

Blágrænar ofanvatnslausnir

Samhliða uppbyggingu í sveitarfélaginu og úrbótum er mikilvægt að aðskilja regn- og skólþvatn til að minnka umfang fráveitunnar.

Umhverfisstofnun hvetur sveitarfélagið til að skoða aðrar náttúrulegar lausnir, t.d. blágrænar ofanvatnslausnir fremur en að veita ofanvatni í fráveitu sveitarfélagsins. Of mikið aðkomuvatn í fráveitukerfi eykur kostnað við fráveituhreinsun og þyngir reksturinn. Hægt væri að gera ráð fyrir hreinsivirki sem er minna umfangs ef hægt væri að koma ofanvatni í annan umhverfisvænni farveg. Þá skal auk þess vekja athygli á því að mikill hluti rusls kemur

með ofanvatni og því þarf að gera ráð fyrir hreinsun á því, t.d. með settjörnum í stað hreinsivirkis.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur